N. Ms. Nr. 655-1909. 11/9.

Höfn, 9. september 1909.

Ég læt ekki hjá líða, að tilkynna yður, velborni herra sýslumaður, að eftirfylgjandi skip hafa neitað að borga hafnar og vitagjald hér á Bakkafirði í ár, þrátt fyrir kröfu mína þar um.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 3. ágúst | P. 33 | „Aurore" | Capt. Denis | frakkneskt fiskiskip |
| 14. -„- | GY. 58 | „Star of hope" | -„- Abrahamsen | enskt -„- |
| 14. -„- | F.D. | „Kara" | -„- J. Jakobsen | færeyiskt -„- |
| 18. -„- | F.D. | „Zelous" | -„- Ole Mortensen | -„- -„- |

Þess skal getið, að frakkneska skipið hafði áður í sumar greitt hafnar og vitagjald á öðrum höfnum, en ekkert hinna skipanna. -

Af þessu leitandi fel ég yður, herra sýslumaður, allar frekari gjörðir þessu máli viðkomandi, og krefst þess, að fyrnefnd skip verði dæmd í fyllstu sekt er lög ákveða fyrir þetta brot sitt. -

H. Runólfsson

Til

Sýslumannsins í Norður-Múlasýslu

Stjórnarráð Íslands I
Dagb. 2 nr. 714

(N. Múlo Nr. 727/1909. 25/10.

Skeggjastaðahreppi
Höfn 6 október 1909.

Þegar ég í sumar sendi yður, herra sýslumaður, kæru um 4 skip er neitað höfðu að greiða hafnargjald hér í Bakkafirði láðist mér að geta þess að mér er kunnugt um 3 reiðara fyrnefndra skipa og með því ég álít að það geti verið nokkur upplýsing fyrir yður þessu máli viðkomandi vil ég leyfa mér að tilnefna þá hér.

Samuel Petersen kaupmaður í Fuglafirði er reiðari skipanna "Lelous" & "Kara" og reiðari frakkneska fiskiskipsins "Aurore" heitir J. Laurens í Paimpol.

Reiðara enska skipsins veit ég ekki um.

H. Runólfsson

Til
sýslumannsins í Norður-Múlasýslu
Seyðisfirði

Stjórnarráð Íslands I
Dagb. 2 nr. 714

L. u

Skrifstofu Norður-Múlasýslu,
Seyðisfirði, 25. október 1909.

Jafnframt því hér með að senda stjórnarráðinu 2 bréf til mín dagsett 9. f. m. og 6. þ. m. frá hinum löggilta umboðsmanni mínum að því er skipaafgreiðslu á Bakkafirði snertir, Halldóri kaupmanni Runólfssyni í Höfn, þar sem hann kærir yfir því, að 4 útlend fiskiskip, er hann tilgreinir, 2 færeysk, eitt enskt og eitt franskt, hafi neitað að greiða lögboðin gjöld á Bakkafirði í sumar, leyfi eg mér hér með virðingarfyllst að æskja þess, að stjórnarráðið vildi gjöra tilraun til að fá gjöldin innheimt og hlutaðeigandi skipstjóra sektaða fyrir þessi lögbrot þeirra þar sem ganga má að því vísu að slík brot fari að tíðkast, á afskektum höfnum sérstaklega, ef skipstjórum haldast þau uppi.

Jóh. Jóhannesson

Til
Stjórnarráðs Íslands.

Stjórnarráð Íslands I
Dagb. 2 nr. 714 / 2/11-09

A. Mts. Nr. 728/1909. 25/10.

Skeggjastaðahreppi
Höfn 6 október 1909

Ennþá er ég neyddur til að snúa mér til yðar, herra sýslumaður í tilefni af því að einn færeyskur skipstjóri hefir neitað að greiða hafnar og vitagjald hér á Bakkafirði.

Skipstjóri þessi heitir Poul Midjord og skipið "Ben Stark" merkt T.G. stærð 104 18/100 Tons; reiðari skipsins er Peter Dahl í Vaag á Suðurey.

Þessi fyrnefndi skipstjóri kom hér inn sunnudaginn þ. 12 september og sendi þann dag menn sína í land með lifur er hann seldi hér. Ég fann menn hans í landi og spurði þá um heilbrigðisvottorð, en þeir kváðust ekki hafa það með, sögðu því að skipið hefði greitt hafnargjald á Seyðisfirði. Krafðist ég þess þá að skipstjóri kæmi í land með pappíra skipsins til uppáskriftar og fluttu skipverjar þau orð mín um borð til skipstjóra. Þetta var seinni hluta sunnudagsins og kom skipstjóri ekki í land þann dag.

Mánudaginn þ. 13 september sá ég að skipið var ekki farið, hafði það verið að taka vatn um morguninn og lá með segl uppi skamt úti á firðinum. Með því ég þóttist sjá að skipið væri tilbúið að sigla burt og að skipstjóri mundi ekki ætla að koma í land með skipspappíra, fór ég um borð til finna hann þessu viðkomandi. Þegar ég var rétt kominn að skipinu setti það undir öll segl og sigldi á stað. Ég kallaði til skipstjóra og bað hann að leggja skipinu upp í vindinn og standa við lítið eitt því ég hefði við hann erindi, en því var engu svarað. Þá bað ég um kaðalenda til að festa með bátinn svo ég kæmist um borð en það var jafn árangurslaust. Ég komst þó upp í skipið þannig að ég náði skipsbátnum er var bundinn við það, gat ég hnýtt mínum bát í hann og þannig komist um borð.

Ég sneri mér jafnskjótt að skipstjóra, er stóð á þilfarinu og skýrði honum frá því að erindi mitt væri að athuga pappíra skipsins er hann væri skyldur til að sýna á hverri löggiltri höfn samkvæmt fyrirmælum laganna og sýndi honum jafnframt pólitískjöld minn.

Þessu svaraði skipstjóri þannig að hann væri búinn að vera inni á Seyðisfirði og klára þar

Stjórnarráð Íslands I
Dagb. 2 nr. 713 / 2/11 09.

sitt hafnargjald og mér væri pappírar skipsins óviðkomandi. Ég spurði hann þá að hvort hann vildi neita að sýna mér skipspappírana og kvað hann já við því og endurtók að þeir kæmu mér ekkert við.

Ég sá ekki tilneins að fara frekar út í þetta mál, með því líka að skipið var komið á handa siglingu og illt að komast niður í bátinn fyrir mig einan, því enginn á skipinu sýndi sig líklegann til að rétta mér hjálparhönd, enda bað ég ekki um það en komst slysalaust niður í bátinn og fór.

Ég vil taka það fram að líkindi eru til að skipstjóri hafi skýrt rétt frá því að hann hafi greitt hafnargjald á Seyðisfirði í vor eða snemma í sumar, en hitt er mér enn kunnugra að hann eftir það sigldi heim til Færeyja og var kominn þaðan aftur fyrir nokkrum tíma þegar þetta var – mun hafa komið í kring um 12 ágúst – og efast ég mjög um að hann svo seint eða eftir 12 ágúst hafi greitt sitt hafnargjald á Seyðisfirði, en það vitið þér bezt sjálfur herra sýslumaður og þarf þar ekki neina ágizkun um.

Ég legg nú hérmeð undir dóm yðar, herra sýslumaður, athæfi og gjörðir fyrnefnds skipstjóra er ég hefi skýrt frá í framan og ofanrituðu svo rétt og samviskusamlega sem mögulegt er, og krefst þess að fyllsta stranglcik laganna sé beitt í máli þessu.

H. Runólfsson

Til
sýslumannsins í Norður-Múlasýslu
Seyðisfirði